



**Miðannarmat er:**


- vitnisburður um stöðu nemanda, þ.e. hvernig hann hefur unnið í hverjum áfanga fyrir sig
- fyrst og fremst hvatning til nemanda til að bæta sig eða gera enn betur
- gefur forráðamönnum tækifæri til að fylgjast betur með námslegri stöðu barna sinna miðað við vinnuframlag þeirra
- ekki hluti af lokaeinkunn en er ætlað að gefa nemandanum vísbendingu um hvers vænta megi í lokaeinkunn haldi viðkomandi áfram á sömu braut.

Stuðst er við eftirfarandi matskala sem er tilbúinn í Innu.

A	Ágætt. Nemanda gengur ákaflega vel.
B	Í lagi. Nemandi hefur tök á efni en má ekki slá slöku við.
C	Ábótavant. Nemandi þarf að taka sig á til að ná áfanganum.
X	Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.


**Skráning á miðannarmati skv. nýju Innu**

1. Kennarar skrá miðannarmat með því að velja hópinn sinn í [Innu](#)
2. Velja skrá miðannarmat



3. Þá er komið að skráningu. Viðeigandi bókstafur (A=Ágætt, B=Í lagi, C=Ábótavant eða X=Ekki forsendur til að gefa vitnisburð). Kennari ræður hvort hann vill bæta við umsögn og setja eitthvað persónulegt inn um nemandann t.d:

- nemandi hefur mætt vel í tímana og hefur skilað flestu/öllu.
- nemandi hefur mætt ágætlega í tíma og hefur skilað flest öllu/staðið sig vel í þeim verkefnum sem hann hefur skilað
- nemandi hefur ekki verið duglegur að mæta og ekki sinnt náminu sem skyldi. Þarf virkilega að taka sig á.
- nemandi mætir ekki í tíma og hefur ekki skilað neinu verkefni



**Munið að vista**